

M-81/2009 Álit 26. janúar 2010.

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 26. janúar 2010 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-81/2009:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 8. október 2009 bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa hans á bifreiðinni A á uppboði sem sýslumaðurinn í Z hélt 4. júlí 2009. Uppboð á bifreiðinni fór fram að kröfu Y. Álitsbeiðandi segir bifreiðina ekki vera af þeirri gerð sem auglýst hafi verið fyrir uppboðið og krefst riftunar á kaupunum. Þá krefst hann þess að sér verði greiddur lögmanskostnaður, kr. 69.609, og kostnaður við tryggingu bifreiðarinnar, kr. 16.000, auk hugsanlegs geymslukostnaðar.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 14. október sl., gaf kæruneftndin Y kost á andsvörum og frest til að skila þeim til 26. október. Lögmaður Y óskaði eftir lengri fresti og var hann veittur. Andsvör lögmansins bárust 17. nóvember. Með bréfi, dags. 23. nóvember, var álitsbeiðandi að því spurður hvort hann vildi einnig beina kröfum sínum að sýslumanninum í Z og honum jafnframt gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvör lögmans Y. Með tölvupósti frá 27. nóvember óskaði álitsbeiðandi eftir því að beina kröfum sínum einnig gegn sýslumanninum í Z, en skilaði ekki athugasemdum við framkomin andsvör lögmans Y. Með bréfi, dags. sama dag, gaf kæruneftndin sýslumanni kost á andsvörum og bárust þau 10. desember. Með bréfi, dags. 11. desember, var álitsbeiðanda gefinn kostur á því að gera athugasemdir við andsvör sýslumanns og bárust þær 15. desember. Með bréfi, dags. 16. desember sl., var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni segir m.a. eftirfarandi:

„Þann 4. júlí 2009 fór ég, X, á uppboð á vegum S. Ég hafði nokkra bíla í huga og þar á meðal Audi sem var á uppboðinu. Degi fyrir uppboðið kannaði ég hvort að um RS6 væri að ræða skv. Ökutækjaskrá og reyndist það vera. Ég fór því á uppboðið og ákvað að bjóða í RS6 og var með hæsta boð upp á kr. 792.530. Eftir að hafa komist í bílinn og opnað húddið sá ég að ekki væri allt með felldu. Ég sá að engar túrbínur voru á vélinni og að hún gæti þar af leiðandi ekki verið RS6 vél.

Álitsbeiðandi segist hafa daginn eftir uppboðið farið til sýslumanns og sagt honum að bifreiðin væri ekki þeirrar tegundar sem auglýst hefði verið og óskað eftir riftun á kaupunum. Það hefði ekki verið samþykkt vegna skorts á gögnum og hefði hann því beðið sýslumann um að greiðslu uppboðsandvirðis yrði frestað á meðan hann aflaði

gagna. Hjá R hefði hann fengið gögn um innflutning á bifreiðinni og þar hafi staðið að bifreiðin væri af gerðinni Audi A6 4,2 Þessi gögn hefði sýslumaður ekki viljað taka gild og bent á að bifreiðin væri skráð sem RS6 í ökutækjaskrá og innflutningsgögn nægðu ekki til að staðfesta að um Audi A6 væri að ræða. Lögmaður sinn hefði beðið um riftun á kaupunum í bréfi til sýslumanns, dags. 13. ágúst sl. Sýslumaður hefði boðað til fundar með sér, lögmanni sínum, og lögmanni Y. Þar hefði komið fram að búið væri að greiða uppboðsandvirðið en R hefði staðfest að bifreiðin væri af gerðinni Audi RS6. Samkvæmt 7. tl. 65. gr. laga nr. 90/1991 væri því ekki hægt að rifta kaupunum. Lögmaður Y hefði orðað að möguleiki væri á að biðja um afslátt af kaupverðinu. Álitsbeiðandi kveðst hafa óskað eftir kr. 350.000 í afslátt en því verið hafnað. Álitsbeiðandi segist hafa farið til C og hefði bifvélavirki í Audi-deild fyrirtækisins skoðað bifreiðina með sér. Sú skoðun hefði leitt í ljós að bifreiðin hefði litið út eins og um gerðina RS6 væri að ræða en við nánari skoðun hefði bifvélavirkinn séð að bifreiðin væri án efa Audi A6 4.2. Álitsbeiðandi kveðst þá hafa hringt í framleiðanda bifreiðarinnar í Þýskalandi og fengið frá honum svohljóðandi tölvupóst sem dags. er 6. október 2009:

„Thank you for your phone call regarding your Audi A6 Avant. We hereby confirm that the vehicle with the vehicle identification number WAUZZZ4BZ1N043181 was produced as an Audi A6 Avant 4.2. We hope to have helped you with the provided information.“

IV

Andsvör Y.

Í andsvörum lögmanns Y kemur fram að þáverandi eigandi bifreiðinnar A hefði fengið lán til að kaupa hana 28. febrúar 2007 og hefði það verið veitt með veði í bifreiðinni Audi RS6 árgerð 2000. Síðan hefðu orðið eigendaskipti að bifreiðinni tólf sinnum án þess að gerðar væru athugasemdir við af hvaða tegund hún væri. Áhvílandi skuld hefði farið í vanskil og því hafi verið beðið um uppboð á bifreiðinni.

Lögmaðurinn gerir þá aðalkröfu að málinu verði vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa þar sem engin heimild sé í lögum nr. 90/1991 um nauðungarsölu til þess að skjóta ágreiningi um kaup á nauðungaruppboði til nefndarinnar.

Lögmaðurinn gerir þá varakröfu að kröfur álitsbeiðanda á hendur Y verði ekki teknar til greina. Til rökstuðnings þeirri kröfu vísar lögmaðurinn til dóms Hæstaréttar í málinu nr. 25/2006. Í þeim dómi hafi verið slegið föstu að ágreiningur sem komi upp á nauðungaruppboði vegna ástands uppboðsandlagsins sé á milli viðkomandi sýslumanns og uppboðskaupanda en ekki uppboðsbeiðanda. Því sé Y ljóslega rangur aðili og því eigi ekki að taka til greina kröfur á hendur fyrirtækinu samkvæmt grunnreglu 16. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála en sú regla hljóti að gilda um mál sem rekin séu fyrir kærunefndinni.

Þá kveðst lögmaðurinn byggja varakröfu sína á því að riftunarkrafa álitsbeiðanda hafi komið of seint fram. Riftunarkrafan hafi borist með bréfi 13. ágúst 2009. Í framangreindum dómi Hæstaréttar hafi það verið niðurstaða réttarins að riftunarkrafa yrði að koma fram áður en úthlutun uppboðsandvirðis færi fram eins og skýrt komi fram í 7. tl. 65. gr. laga nr. 90/1991. Það sem úthlutunin hafi farið fram 9. júlí 2009, en riftunarkrafan fyrst sett fram fimm vikum seinna, sé hún of seint fram komin og því beri ekki að taka kröfu álitsbeiðanda til greina.

Þá segir í andsvörunum að Y hafi hvorki átt bifreiðina né haft nokkuð með hana að gera og hafi mátt treysta þeim upplýsingum sem legið hafi fyrir þegar lán til kaupa á henni var veitt í upphafi og eins þegar beðið hafi verið um uppboð á bifreiðinni. Álitsbeiðandi hafi hins vegar borið skylda til þess að skoða bifreiðina eins og skýrt komi fram í 65. gr. laga nr. 90/1991 og eins í auglýsingu um almenna skilmálum fyrir uppboðssölu á lausafjarmunum o.fl. sem alltaf séu lesnir upp í byrjun uppboðs.

Lögmaðurinn kveðst gera kröfu um að álitsbeiðandi greiði umbjóðanda sínum málskostnað og virðisaukaskatt af honum.

V

Andsvör sýslumannsins í Z

Í upphafi andsvaranna er á það bent að sýslumaðurinn í Z annist uppboðssölu á lausafjarmunum á Z-svæðinu skv. auglýsingu nr. 42/1992 um almenna skilmála fyrir uppboðssölu á lausafjarmunum o.fl. og XI. kafla laga nr. 90/1991, 61.-69. gr. Þá er því lýst að uppboð á bifreiðum hafi oft verið kölluð „áhættukaup“ en sjaldnast sé vitað um ástand bifreiðar og oft ekki aldur og engin ábyrgð tekin á bifreiðum sem séu til sölu. Almennt liggja aðeins fyrir upplýsingar R um bifreiðarnar. Hægt sé að skoða bifreið fyrir uppboð en ekki heimilt að reynsluaka þeim. Merkt sé á uppboðslista hvort lykjar fylgi bifreiðunum og komist þeir sem skoða vilji bifreiðarnar ekki inni í þær nema svo sé. Þá er því lýst að bifreiðin A sé skráð opinberri skráningu R sem AUDI RS6. Síðan segir orðrétt í andsvörunum:

„Mánudaginn 6. júlí sl. kom kærandi til fulltrúa sýslumanns og tjáði henni, að bifreiðin sem hann keypti á uppboðinu þann 4. júlí sl., væri ekki af gerðinni AUDI RS6 eins og auglýst var á uppboðinu, heldur væri bifreiðin af gerðinni AUDI A6. Undirritaður fulltrúi sýslumanns innti kæranda um það, hvaða upplýsingar hann hefði því til stuðnings að bifreiðin væri ekki af tegundinni RS6. Kærandi tjáði fulltrúa sýslumanns, að hann hefði séð það þegar hann skoðaði vél bifreiðarinnar nánar.

Fulltrúi sýslumanns óskaði þá eftir því, að kærandi fengi einhvern sérfræðing sem hefði þekkingu á þessu sviði að gefa út yfirlýsingu þess efnis, að umrædd bifreið væri ekki af gerðinni RS6. Fulltrúi sýslumanns bað kæranda að koma yfirlýsingunni til hennar sem allra fyrst og í síðasta lagi fimmtudaginn 9. júlí, þar sem úthlutun söluverðs til gerðarbeiðenda færi fram þá og almennt væri það greitt til gerðarbeiðenda c.a. viku eftir lausafjáruppboð en eftir þann tíma væri málinu lokið hjá sýslumanni nema það færi fyrir dómstóla. Kæranda (gerðarþola) var upplýst um rétt sinn (sic) til þess að leita til dómstóla með málið áður en kærufrestur rynni út en kærandi (gerðarþoli) taldi það vera process sem leiddi af sér of mikinn kostnað.

Samkvæmt XI. kafla laga nr. 90/1991 í 68. gr. kemur fram í skýringum með henni, að úthlutun söluverðs eigi að fara fram í beinu framhaldi af greiðslu söluverðs án formlegs aðdraganda og ekki breyti neinu í þeim efnum þótt fleiri en gerðarbeiðandi geti notið réttinda til greiðslu söluverðs. Ef málið væri borið undir dómstóla þá yrði ekki greitt út fyrr en dómsmál yrði til lykta leitt.

Fulltrúi sýslumanns heyrði ekkert frá kæranda fyrir þennan tíma, en ákvað að skoða feril umræddrar bifreiðar samkvæmt skjölum og vottorðum frá R, þar á meðal breytingarferil umræddrar bifreiðar áður en úthlutun á nauðungarsöluverðinu færi fram. Fulltrúi sýslumanns er ekki sérfræðingur í bifreiðum en ljóst er samkvæmt breytingarferli umræddrar bifreiðar þá hafi verið gerðar einhverjar breytingar á bifreiðinni þannig að henni hafi verið breytt úr tegundinni A6 í tegundina RS6 þannig að hún verði kraftmeiri bifreið. (sjá fylgiskjal merkt 1.)

Fulltrúi sýslumanns hringdi til S og ræddi við E sem sér um að taka við bifreiðum fyrir uppboð. E kannaðist strax við umrædda bifreið og tjáði fulltrúa sýslumanns jafnframt, að hann myndi vel eftir kæranda, þar sem hann hefði komið oft en einu sinni til Vöku í einhverja daga fyrir umrætt umboð og skoðað bifreiðina A í bak og fyrir.

Þar sem fulltrúi sýslumanns hafði ekki heyrt frá kæranda þann 9. júlí eins og um var rætt og eftir að fulltrúi sýslumanns hafði skoðað feril umræddrar bifreiðar og einnig rætt við E hjá Vöku ákvað fulltrúi að úthluta uppboðsandvirðinu til gerðarbeiðanda.

Þann 14. ágúst móttók fulltrúi sýslumanns bréf frá lögfræðistofunni F dags. 13. ágúst þar sem krafist var þess, að kaupum kæranda á bifreiðinni A yrði rift með vísun í lög um lausafjárkaup. Mótmælafundur var haldinn í kjölfarið eða þann 28. ágúst vegna málsins. Ekki voru lögð fram nein gögn af hálfu kæranda (gerðarþola) hvorki af lögmanni hans né honum sjálfum. Fulltrúi sýslumanns kynnti aftur á móti fyrir kæranda (gerðarþola) og lögmanni hans þau gögn og upplýsingar sem fulltrúi hefði sjálf aflað. Þann 18. ágúst hafði hún haft samband við G hjá T og farið þess á leit við hann, að hann skoðaði umrædda bifreið sem stödd væri upp í S með tilliti til málsatvika. Hjá T eru sérfræðingar á sviði bifreiða enda meta þeir hvort bifreið standist skoðun almennt og séu hæfar til keyrslu. G hafði samband við fulltrúa sýslumanns sama dag. Hann hafði þá skoðað bifreiðina eins og hægt var á staðnum og taldi þessa bifreið vera af gerðinni RS6. **(sjá fylgiskjal merkt nr. 2)**

Með því að fulltrúi sýslumanns hafði bæði kannað öll vottorð sem lágu fyrir hjá Umferðarstofu, breytingarferil umræddrar bifreiðar, rætt við E hjá S til þess að afla nánari upplýsinga varðandi umrædda bifreið, fengið G hjá T til þess að skoða bifreiðina, hafði fulltrúi sýslumanns farið langt út fyrir starf sitt til þess að afla nánari upplýsinga og upplýsa þetta mál.

Bifreiðin A er skráð samkvæmt opinberum skráningum hjá R RS6 og hlýtur sú skráning að teljast vera rétt þar sem ekkert hefur komið fram í máli þessu sem leiðir til annars. Það er ekki á færi Sýslumannsins í Z að breyta opinberum skráningum reynist þær rangar.

Uppboðsandvirði umræddrar bifreiðar var úthlutað skv. lögum 90/1991 XI. kafla 68. gr. til gerðarbeiðenda í lok fyrst viku júlímánaðar eins og löggin gera ráð fyrir. Máli þessu hafði ekki verið vísað til Héraðsdóms eins og lög 90/1991 gera ráð fyrir og kærandi (gerðarþoli) var upplýstur um og hefði réttilega átt að gera ef hann teldi sig svikinn um gæði umræddrar nr. A sem hann keypti á uppboðinu 4. júlí sl. Það hafi hvorki kærandi (gerðarþoli) gert né lögmaður hans. Kærandi (gerðarþoli) hafði ekkert samband við fulltrúa sýslumanns aftur fyrr en krafist var riftunar kaupanna með bréfi lögmanns þann 13. ágúst. sl. Riftuninni var hafnað á grundvelli 7. tl. 65. gr. l. 90/1991.

Kröfur fulltrúa sýslumanns eru, að málinu verði vísað frá Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Nefndin er ekki dómstóll og getur því ekki tekið málið til úrskurðar, enda gilda lög nr. 90/1991 XI. kafli um sölu á lausafjármunum en ekki lög um lausafjárkaup. Vísast til 68. gr. þeirra laga þar sem skýrlega kemur fram að gildi nauðungarsölu verður borin undir Héraðsdóm skv. ákvæðum XIV. kafla sömu laga.

Við uppboð á lausafjármunum, bílum og öðru eru lesnir upp skilmálar sem gilda hverju sinni. Þá er ítrekað tekið fram, að skoða beri vel þá muni sem verið er að versla. Einnig kemur fram að Sýslumaður beri enga ábyrgð á þeim munum sem verið er að bjóða upp. Á helstu uppboðum er skjávarpi sem birtir myndir af þeim munum og/eða bifreiðum sem verið er að bjóða upp svo ekki fari á milli mála að menn séu að bjóða í rétta hluti en það er algjörlega á ábyrgð uppboðskaupenda. Þetta er nýjung sem gerð var til þess að upplýsa menn frekar um það sem verið er að bjóða upp. **(sjá fylgiskjal merkt nr. 3).**“

Athugasemdir álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi kveðst hafa beðið fulltrúa sýslumanns um frest þar til hann gæti komið með innflutningsgögn til staðfestingar því að bifreiðin væri að undirgerðinni A6 og hafi ekki verið talað um ákveðinn skiladag á þeim gögnum. Hann segir ekki rétt sem haft sé eftir starfsmanni S að hann hafi komið oftar en einu sinni fyrir uppboðið til að skoða bifreiðina. Bifreiðir í vörslu S séu geymdar á læstu afgirtu svæði þar sem aðgangur almennings sé bannaður.

VII

Úr gögnum málsins

Samkvæmt upplýsingum úr ökutækjaskrá R frá 6. júlí 2009, sem fylgdi andsvörum sýslumanns, var bifreiðin A fyrst skráð 25. september 2000 og hafi verið flutt inn notuð. Í umsókn til R um skráningu bifreiðarinnar, dags. 26. febrúar 2004, er bifreiðin sögð vera af tegundinni AUDI A6. Í skráningarskírteini segir að undirtegundin sé RS6, en forskráning bifreiðarinnar fór fram 27. febrúar 2004 samkvæmt því sem stendur í skráningarskírteini. Hinn 27. febrúar 2004 er skráð í ökutækjaskrá R að undirtegund sé RS6 og A6. Hinn 5. mars 2004 er skráð að undirtegund sé A6 og RS6. Er þetta gert í sitt hvorn dálkinn í ökutækjaskránni.

Hinn 18. ágúst 2009 fóru fram samskipti í tölvupósti á milli fulltrúa sýslumanns og G. Fulltrúinn spyr að því hvort hann hafi getað skoðað bifreiðina og svarar G því í tölvupósti að hann hafi skoðað málið eins og hægt sé að gera á staðnum og honum sýnist samkvæmt öllu „svona fljótt á titi“ að þetta sé rétti bíllinn. Þá spyr fulltrúi sýslumanns G að því hvort hann hafi farið upp í S til að skoða bílinn eða hvort þetta sé ályktun hans samkvæmt ökutækjafjerli bifreiðarinnar. G svarar því til að hann hafi farið á staðinn. Fulltrúi sýslumanns segir í næsta tölvupósti til G „Ég er þá örugg með það að bifreiðin A AUDI RS6 sé rétt samkvæmt skráningu hennar í ökutækjaskrá.“ G svarar með eftirfarandi hætti: „Já eftir minni bestu vitund og miðað við útlit bílsins (stærri brettakantur og boddy breiðara RS6). En starfsmaður hjá S sagði mér reyndar að RS6 merki útsaumud ættu að vera í hauspúðum sæta en eru ekki, það gæti verið að búið sé að skipta um það. Án þess að ég viti það fyrir víst.“

Í auglýsingu um bifreiðauppboð sýslumannsins í S 4. júlí 2009 segir að bifreiðin A sé Audi RS6 '00 og að henni fylgi ekki lyklar. Í auglýsingunni segir að upplýsingar séu birtar án ábyrgðar.

Formaður kærunefndarinnar hafði samband við R og leitaði skýringa á því hvernig þar hefði verið háttað skráningunni á bifreiðinni A. Skriflegt svar R barst 20. janúar sl. og hljóðar svo:

„Á forskráningareyðublaði bifreiðarinnar A, dags. 26.02.2004, kom fram að um væri að ræða Audi A6. Meðfylgjandi því eyðublaði var skráningarskírteini frá Ítalíu, farmbréf frá Samskip, dags. 25.02.2004, ásamt erlendu farmbréfi, dags. 19.02.2004. Þegar forskrá átti bifreiðin samkvæmt þessum gögnum kom í ljós að verksmiðjunúmer bifreiðarinnar gat ekki staðist, þar aðeins 16 bók- og tölustafir mynduðu númerið en þeir eru ávallt 17. Þá var heiti bifreiðarinnar nefnt Audi A8 Avant, sem ekki samræmdist eyðublaðinu sem skilað var inn. Starfsmaður í forskráningum óskaði þá eftir því farið væri í tollhöfn til þess að kanna verksmiðjunúmer ökutækisins. Var það gert og kom þá í ljós að það vantaði 15. staf verksmiðjunúmersins. Var ökutækið því næst forskráð sem Audi RS6 og breytt strax aftur í Audi A6. Við nýskráningu bifreiðarinnar, dags. 04.03.2004, sem átti

sér stað í skoðunarstöð K, var bifreiðin skráð sem Audi RS6, samkvæmt beiðni þáverandi eiganda. Daginn eftir komu nýskráningargögn bifreiðarinnar til R til skráningar og var gerðinni breytt í RS6 samkvæmt gögnunum.“

VII

Niðurstaða kæruneftdarinnar

1.

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í lögum nr. 87/2006 er kveðið á um það að greini aðila að lausafjárkaupum, þjónustukaupum eða neytendakaupum, sbr. lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup, lög nr. 42/2000 um þjónustukaup og lög nr. nr. 48/2003 um neytendakaup, um réttindi sín og skyldur geti þeir, einn eða fleiri, snúið sér til kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa og óskað eftir álitsgerð um ágreiningsefnið.

Hér hagar svo til að álitsbeiðandi og Y, áttu saman þau viðskipti að álitsbeiðandi keypti bifreið sem Y hafði óskað eftir að yrði seld á uppboði sem sýslumaðurinn í Z hélt. Þegar litið er frá þeim ákvæðum laga sem gilda um nauðungaruppboð, og síðar verður vikið að, er það álit kæruneftndarinnar að kaup álitsbeiðanda á bifreiðinn falli undir neytendakaupalög, en líta verður svo á að það sé hluti af starfsemi tryggingafélags að láta selja á nauðungaruppboði þá hluti sem það gerir aðför í vegna ógoldinna skulda viðskiptavina við félagið.

Í 17. gr. neytendakaupalaga eru ákvæði sem ná til þess þegar hlutur er seldur „í því ástandi sem hann er“ og einnig um sölu á uppboði. Þau eru svohljóðandi:

Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum almennum fyrirvara telst hann gallaður þegar:

a. ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætlað miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

b. Fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c-lið 1. mgr. 16. gr.

Ef notaðir hlutir eru seldir á uppboði gilda ákvæði 1. mgr. eftir því sem við getur átt.

Samkvæmt b-lið 16. gr. neytendakauplaganna er söluhlutur gallaður ef:

„seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin.“

Í c-lið segir að söluhlutur sé gallaður ef:

„hann svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin.“

Í skýringum við 17. gr. í frumvarpi því sem síðar varð að lögum nr. 48/2003 segir m.a. eftirfarandi:

„Rétt er að hafa það í huga að sala á uppboði lýtur að mörgu leyti öðrum lögmaálum en önnur sala, enda er gert ráð fyrir því í ákvæðinu með orðunum „eftir því sem við getur átt“. Helst tíðkast að hlutur sé boðinn til sölu „eins og hann er“ og er bjóðendum ætlað að meta eiginleika hans og verðleggja hann í samræmi við það. Ekki er ástæða til að gera seljandann ábyrgan þótt hlutur henti ekki til þeirra nota sem slíkir hlutir eru venjulega notaðir til. Enn síður er ástæða til að leggja ábyrgð á seljandann af því tilefni að hlutur hentar ekki til þeirra sérstöku nota sem kaupandinn ætlaði að hafa af honum, enda er það ekki fyrr en við sölulok að seljandinn veit hver kaupandinn er.“

Eins og fram kemur í framangreindum skýringum lýtur sala á uppboði öðrum lögmaálum en önnur sala. Verður hér að hafa í huga að samkvæmt 65. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu setur dómsmálaráðherra ákvæðna, almenna skilmála fyrir sölu lausafjármuna á uppboði, sbr. auglýsingu nr. 42/1992. Þá verður einnig að hafa í huga ákvæði 68. gr. laga nr. 90/1991 um úthlutun söluandvirðis og XIV. kafla laganna um úrlausn á gildi nauðungarsölu, sem er á valdsviði dómstóla, og reyndar fleiri ákvæði laganna.

Kærunefndin álitur að valdsvið hennar sé markað í lögum nr. 87/2006 með þeim hætti að það nái ekki til þess að gefa álit á því hvaða áhrif framangreind ákvæði laga nr. 90/1991 hafi á réttarstöðu aðila í þessu máli, þ.e. hvort þau kunna að leiða til þess að hún sé önnur en verið hefði ef kaup álitsbeiðanda á bifreiðinni A hefðu farið fram án atbeina sýslumanns að sölunni. Til þess að taka afstöðu til þess álitaefnis þyrfti kærunefndin að byggja niðurstöðu sína á ákvæðum laga nr. 90/1991 og skýringum á þeim, en álitgerð af slíku tagi er að mati kærunefndarinnar utan valdsviðs hennar. Kærunefndin telur hins vegar að álitsbeiðandi eigi rétt á því að fá álit hennar á þeim ágreiningi sem uppi er miðað við þær forsendur að hann hefði keypt bifreiðina beint af Y án milligöngu sýslumanns. Við þá álitgjöf verður að hafa í huga ákvæði 3. mgr. 16. gr. laga nr. 48/2003 þar sem kveðið er á um það að neytandi geti ekki borið neitt það fyrir sig sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð.

2.

Við afgreiðslu þessa máls hefur kærunefndin leitað aðstoðar sérfróðs aðila samkvæmt heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 76/2006.

Kærunefndin telur í ljós leitt með tölvupósti framleiðanda til álitsbeiðanda frá 6. október 2009 að bifreiðin A hafi verið af undirgerðinni A6 þegar hún var framleidd og sé það því enn, enda þótt einhverjar breytingar kunni að hafa verið gerðar á henni til þess að hún líktist undirgerðinni RS6 að einhverju marki. Fyrir liggur að í umsókn um skráningu bifreiðarinnar hér á landi, dags. 26. febrúar 2004, er hún sögð vera af undirtegundinni A6. Skráning R er illskiljanleg ein og sér en samkvæmt skýringum stofunnar, sem raktar eru að framan, hefur bifreiðin ýmist verið skráð vera af undirtegundinni A6 eða RS6. Í niðurlagi skýringanna segir við nýskráningu bifreiðarinnar hjá K hafi hún verið skráð sem Audi RS6 að beiðni þáverandi eiganda og hafi R breytt skráningu hjá stofunni í samræmi við það. Endanleg skráning R sýnist þannig ekki hafa verið byggð á sérstakri athugun heldur á þeirri skráningu sem eigandi bifreiðarinnar óskaði eftir og K sá um. Í auglýsingu sýslumanns um uppboð 4. júlí 2009 er bifreiðin sögð vera af undirtegundinni RS6.

Það er álit kærunefndarinnar að álitsbeiðandi hafi mátt treysta því að bifreiðin væri af undirtegundinni RS6, en byggja verður á því að hann hafi ekki haft annan aðgang

að bifreiðinni en að skoða hana að utan þar sem lykjar fylgdu ekki samkvæmt auglýsingu sýslumanns.

Það er álit kærunefndarinnar að skráning R og auglýsing sýslumanns hafi verið röng og því villandi fyrir álitsbeiðanda. Skiptir þar ekki máli þótt bifreiðinni hafi verið breytt til þess að hún líktist undirtegundinni RS6 og hefði því fremur átt að skrá og auglýsa bifreiðina sem breytta Audi A6. Þegar um svo mikilvægar upplýsingar er að ræða eins og þær af hvaða undirtegund bifreið er þá verður ekki litið öðru vísi á en um forsendubrest fyrir kaupunum sé að ræða þegar röng undirtegund er auglýst og galla samkvæmt ákvæðum 17. gr. laga nr. 48/2003 sem hér á við. Um þennan galla vissi álitsbeiðandi hvorki né mátti vita áður en kaupin fóru fram, sbr. 3. mgr. 16. gr. sömu laga. Álitsbeiðandi tilkynnti um þennan galla án ástæðulauss dráttar sbr. ákvæði 27. gr. laga nr. 48/2003.

Að álit kærunefndarinnar er hér um að ræða ekki óverulegan galla í skilningi 32. gr. laga nr. 48/2003 og er niðurstaða nefndarinnar því sú, þegar litið er til ákvæða neytendakaupalaganna einna og sér, að álitsbeiðandi eigi rétt á því að rifta kaupunum. Sú niðurstaða leiðir til þess að seljanda, Y, er skylt samkvæmt neytendakaupalögum, sbr. 33. gr., að greiða þann geymslu- og tryggingarkostnað sem kann að hafa fallið til vegna bifreiðarinnar verði álitsbeiðandi krafinn um hann. Kærunefndin álitur það hins vegar utan valdsviðs síns að taka afstöðu til þess hvort Y ber að greiða álitsbeiðanda þann lögfræðikostnað sem hann segist hafa haft vegna þessara kaupa.

VIII

Álitsorð

Álitsbeiðandi, X, á rétt til þess samkvæmt ákvæðum laga nr. 48/2003 að rifta kaupum á bifreiðinni A. Y er skylt að greiða geymslu- og tryggingakostnað vegna bifreiðarinnar í stað álitsbeiðanda verði álitsbeiðandi krafinn um hann.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir